



Aðildarfélög KSÍ
b.t. formanna/framkvæmdastjóra

Reykjavík, 5. nóvember 2020

Reglugerð um félagaskipti, samninga og stöðu leikmanna og félaga.

Félagaskiptatímabil

Ágætu félagar,

Á fundi stjórnar KSÍ 29. október sl., samþykkti stjórn breytingar á reglugerð KSÍ um félagaskipti, samninga og stöðu leikmanna og félaga. Snúa þær breytingar í meginatriðum að reglum um félagaskiptatímabil (félagaskiptaglugga) ár hvert. Samþykkt hefur verið að á árinu 2021 verði félagaskipti heimil frá **18. febrúar til 12. maí** annars vegar og **29. júní til 29. júlí** hins vegar.

Eftirfarandi er yfirlit og samantekt yfir breytingarnar:

Breytingar sem samþykktar hafa verið eru **grænmerktar**.
Það sem samþykkt hefur verið að falli út er **rauðmerkt** og **yfirstrikað**.

REGLUGERÐ KSÍ

um félagaskipti, samninga og stöðu leikmanna og félaga

Eftirfarandi hugtök er notuð í reglugerðinni og ber að leggja neðangreindan skilning í þau:

10. *Félagaskiptatímabil: ~~Tímabilin 21. febrúar—15. maí annars vegar og 1. júlí—31. júlí hins vegar.~~ Þau tvö tímabil innan hvers árs þar sem félagaskipti leikmanna á milli félaga eru heimil.*

Eftirfarandi breyting var samþykkt á grein 3.5.:

3.5. Leikmaður sem er handhafi keppnisleyfis sem gefið er út að loknu keppnistímabili og tekur gildi við **upphaf næsta félagaskiptatímabils 21. febrúar** hefur heimild til að taka þátt í héraðsmótum, Íslandsmóti innanhúss (Futsal) og deildarbikarkeppni KSÍ (Lengjubikarnum) með nýja félaginu frá og með þeim degi er keppnisleyfið er gefið út.

Eftirfarandi breytingar voru samþykktar á greinum 10.1.2., 10.1.3 og 10.1.3.1.:

10.1.2. Leikmaður getur aðeins gengið til liðs við íslenskt félagslið á **skilgreindum félagaskiptatímabilum ár hvert. inu 21. febrúar—15. maí ár hvert, eða á tímabilinu 1.—31. júlí.** Skilgreind félagaskiptatímabil skulu vera tvö á hverju ári. Það fyrra skal venjulega hefjast eftir lok keppnistímabils og vera lokið fyrir eða við upphaf þess næsta. Fyrra félagaskiptatímabilið skal ekki ná yfir lengri tíma en 12 vikur. Síðara félagaskiptatímabilið skal venjulega hefjast um mitt keppnistímabil og skal ekki ná yfir lengri tíma en fjórar vikur. Félagaskiptatímabilin tvö skulu vera ákveðin af stjórn KSÍ eigi síðar en í októbermánuði ársins á undan. **Leikmaður getur þó aðeins einu sinni skipt um félag innanlands eftir að hafa leikið í Íslandsmóti eða bikarkeppni KSÍ á almanaksárinu nema þegar um er að ræða félagaskipti leikmanns í 4. aldursflokki eða yngri sbr. grein 10.1.4.**

10.1.3. Á öðrum tímabilum eru félagaskipti ekki heimil nema fyrir ósamningsbundna leikmenn í yngri aldursflokkum (innanlands og á milli landa). Félagaskipti ósamningsbundinna leikmanna yngri aldursflokka eru óheimil frá lokum síðara félagaskiptatímabils ár hvert og fram til loka mótahalds KSÍ í yngri aldursflokkum sama ár.

10.1.3.1. Innlend félagaskipti ósamningsbundinna leikmanna í yngri flokkum árið 2020 skulu vera heimil frá 22. febrúar til 17. apríl og á tímabilinu 18. maí til 1. september. Innlend félagaskipti ósamningsbundinna leikmanna yngri flokka skulu vera heimil að nýju frá og með 30. október 2020.

Eftirfarandi breyting var samþykkt á grein 16.3.:

16.3. Lágmarkstími tímabundinna félagaskipta er á milli tveggja félagaskiptatímabila. Leikmaður sem hefur fengið tímabundin félagaskipti með lokadagsetningu eftir lok síðara félagaskiptatímabils ár hvert frá og með 1. ágúst fær útgefið keppnisleyfi með samningsfélagi sínu að nýju eftir lok keppnistímabils 16. október sama ár og tekur gildi við upphaf næsta félagaskiptatímabils. Hámarkstími tímabundinna félagaskipta skal vera 12 mánuðir en lokadagsetning skal eigi vera síðar en 15. október. Í slíku tilfelli skal það gert með tilkynningu um félagaskipti. Tilkynning um tímabundin félagaskipti jafngildir tilkynningu um félagaskipti bæði við upphaf láns og í lok lánstíma.

Eftirfarandi breyting var samþykkt á grein 19.6.:

19.6. Félagaskipti samningsbundinna leikmanna til landsins eru aðeins heimil á skilgreindum félagaskiptatímabilum ~~inu 21. febrúar—15. maí ár hvert og á tímabilinu 1.—31. júlí.~~

Greinargerð/Samantekt:

Félagaskiptatímabil:

Um ræðir breytingar sem gerðar hafa verið á ákvæðum um félagaskiptatímabil/félagaskiptaglugga. Hingað til hafa dagsetningar þeirra tveggja félagaskiptatímabila, sem heimild er fyrir ár hvert, verið festar í reglugerð KSÍ um félagaskipti, samninga og stöðu leikmanna og félaga. Undanfarin ár hafa dagsetningar fyrra félagaskiptatímabils verið frá 21. febrúar til 15. maí og þess síðara frá 1. júlí til 31. júlí. Það getur verið óhentugt ef upphaf eða endir félagaskiptaglugga lendar t.d. á frídegi. Samkvæmt reglugerðinni skal það almennt gilda að tilkynning um félagaskipti sem berst um helgi eða á frídegi er að öllu jöfnu afgreidd næsta virka dag á eftir og keppnisleyfi gefið út frá og með þeim degi. Einnig getur það verið vandkvæðum bundið um helgi eða á frídegi að fá félagaskipti afgreidd erlendis frá.

Vegna þessa hefur nú verið samþykkt að dagsetningar félagaskiptatímabila séu ekki festar í reglugerðina en þannig sé hægt að hnika umræddum tímabilum fram eða aftur um nokkra daga lendi upphaf eða lok þeirra á óhentugum vikudögum. Samþykkt hefur verið að endanlegar dagsetningar félagaskiptatímabila ár hvert séu ákveðnar af stjórn KSÍ eigi síðar en í lok október ársins á undan. Enn fremur er nú í reglugerðinni upplýst um hvaða reglur gilda um félagaskiptatímabilin almennt. Taka þær reglur mið af reglugerð FIFA um félagaskipti sem eru bindandi hvað þetta varðar. Breytingar þessar voru lagðar fyrir stjórn ÍTF sem gerði ekki athugasemdir við breytingartillögur.

Samþykkt hefur verið að á árinu 2021 verði félagaskipti heimil frá **18. febrúar til 12. maí** annars vegar og **29. júní til 29. júlí** hins vegar.

Tímabundin félagaskipti:

Sá háttur hefur verið hafður á tímabundnum félagaskiptum að leikmaður sem hefur fengið tímabundin félagaskipti fær keppnisleyfi með samningsfélagi sínu að nýju eftir lok keppnistímabils. Samkvæmt því stendur til að leikmenn fái keppnisleyfi á ný með samningsfélögum sínum 16. nóvember nk. (16. október á venjulegu ári). Rétt er að þau keppnisleyfi taki ekki gildi fyrr en við upphaf næsta félagaskiptatímabils/félagaskiptaglugga. Um er ræða samningsbundna leikmenn sem er ekki heimilt að skipta á milli félaga nema á félagaskiptatímabilum (opnum félagaskiptaglugga). Það hefur þó ekki áhrif heimild þeirra leikmanna til að taka þátt í undirbúningsmótum með samningsfélagi sínu, sbr. grein 3.5, frá og með þeim degi er keppnisleyfið er gefið út, eða frá og með 16. nóvember nk.


Grein 3.5 er svohljóðandi: *Leikmaður sem er handhafi keppnisleyfis sem gefið er út að loknu keppnistímabili og tekur gildi við upphaf næsta félagaskiptatímabils hefur heimild til að taka þátt í héraðsmótum, Íslandsmóti innanhúss (Futsal) og deildarbikarkeppni KSÍ (Lengjubikarnum) með nýja félaginu frá og með þeim degi er keppnisleyfið er gefið út.*

Félagaskipti ósamningsbundinna leikmanna yngri flokka:

Félagaskipti ósamningsbundinna leikmanna yngri flokka lúta öðrum reglum en gilda um félagaskipti annarra leikmanna. Lokað hefur verið á félagaskipti ósamningsbundinna leikmanna yngri flokka að loknum félagaskiptaglugga á miðju sumri og fram yfir lok móta í yngri flokkum. Þetta hefur ekki verið nægilega skýrt í reglugerð og því hefur breyting á grein 10.1.3. nú verið samþykkt og sömuleiðis á bráðabirgðaákvæði 10.1.3.1. vegna keppnistímabilsins 2020.

Almennt mun það gilda að félagaskipti ósamningsbundinna leikmanna yngri aldursflokka verði óheimil frá lokum síðara félagaskiptatímabils ár hvert. Félagaskipti ósamningsbundinna leikmanna yngri aldursflokka verði þó ávallt heimil að nýju eftir lok mótahalds yngri flokka ár hvert. Á öðrum tímabilum séu slík félagaskipti heimil.

Ef frekari upplýsinga er óskað þá vinsamlegast hafið samband við undirritaðan.



Haukur Hinriksson,
yfirlögfræðingur hjá KSÍ.